# Tinova Traditional Exterior

## Þekjandi og lágfyllandi viðarvörn




### Efnislýsing

Tinova Traditional Exterior er terpentínuþynnanleg alkýðolíu-málning ætluð á við utanhúss. Olían dregur fram viðaræðarnar og gefur þekjandi og jafna áferð bæði á gamlan og nýjan við. Ef Tinova Traditional Exterior er notuð samhliða Tinova Wood Base Oil og Tinova Traditional Primer Exterior má búast við að ending málningarinnar verði allt að átta ár við eðlilegar aðstæður.

### Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viði).

**Nýmálun**

1. Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil, sérstaklega gljúpa fleti eins og endatré.
2. Grunnið alla fletina með Tinova Traditional Primer Exterior.
3. Málið yfir tvær umferðir með Tinova Traditional Exterior.

**Endurmálun**

1. Þvoið allan flötinn með Original Målartvätt. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vel eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal pússa niður uns komið er niður í eðlilegan viðarlit.
3. Gegndreypið beran við með Tinova Wood Base Oil. Grunnið hann síðan með Tinova Traditional Primer Exterior.
4. Málið yfir tvær umferðir með Tinova Traditional Exterior.

Ef flöturinn hefur áður verið málaður með hálfþekjandi efni skal þvo eða bursta flötinn upp og mála síðan tvær umferðir af Tinova Transparent Exterior. Ef þörf krefur, skal grunna fyrst með Tinova Traditional Primer Exterior.

**Annað**

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun næstu klukkustundirnar eftir lok verks.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss
**Tegund:** Alkýðolía
**Gljástig:** 30%
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 12 klst
**Yfirmálun:** 16 klst
**Hiti við málun:** Minnst +5°C, mest +25°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Hreinsuð terpentína
**Verkfæri:** Penslar, rúllur
**Þekja:** Nýmálun 4-6 $m^2$/l
**Þekja:** Endurmálun 6-8 $m^2$/l
**Umbúðir:** 1, 2,5 og 10 lítra fötur
**Stofnar:** BW, BC og allir litir
**Hreinsun:** Hreinsuð terpentína
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/e) 400 g/l.): Inniheldur mest 399 g/l

Þessi gildi eiga við hvítan lit. Önnur gildi geta átt við aðra liti.

### Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vel eftir notkun. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella olíuleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og efnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.